

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 70.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 140.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. apríl 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

3. maí 1974.

Nr. 84.

AUGLÝSING

um lækkun gjalda af hráefnum til sælgætisframleiðslu.

Ráðuneytið hefur ákveðið skv. heimild í 55. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., að lækka gjöld af eftirtöldum hráefnum til sælgætisframleiðslu frá því, sem er í gildandi tollskrárlögum þannig:

Tollskrár- númer	Vöruheiti	Tollur skv. tollskrá	Tollur lækkar í
úr 11.08.09	Bragðlaus sterkja	7%	4%
úr 17.02.03	Siróp í 25 kg pakkingum og stærri	70%	10%
úr 21.07.09	Hyfoama	100%	9%
úr 35.03.09	Gelatin duft í 25 kg pakkingum og stærri	70%	15%

Framangreind lækkun er því skilyrði háð, að innflytjandi stundi sælgætisframleiðslu og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu hverju sinni, að varan verði einungis notuð sem efnivara til sælgætisframleiðslu. Auglýsing þessi tekur þegar gildi. Frá sama tíma er felld úr gildi auglýsing ráðuneytisins nr. 169/1971 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1974.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.